Myndlist

Á LISTAHÁTÍÐ

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON



Hugleiðingar

Að Kjarvalsstöðum hefur staðið yfir eins konar yfirlitssýning á íslenzkri grafík í tengslum við listahátíð og mun óhætt að segja, að hún hafi vakið athygli og umtal. Er hér um að ræða úttekt á mörgu því helsta, sem gert hefur verið í grafík hérlendis frá upphafi, þó að vitaskuld vanti ýmislegt og nógu mikið til þess, að yfirlitssýning er naumast rétta orðið. Sýningin hefur réttilega orðið fyrir nokkurri gagnrýni úr ýmsum áttum, m.a. hér í blaðinu, og einnig hefur birst athugasemd frá Kristni Péturssyni í Þjóðviljanum. Mér er kunnugt um, að skipuleggjendur sýningarinnar áttu í nokkrum erfiðleikum, þar sem lítið var vitað um grafík fyrir daga Jóns Engilberts og Barböru Árnason, því að upplýsingar lágu ekki á lausu og erfitt um vik að finna allt á þeim stutta tíma, sem stjórn og sýningarnefnd höfðu til umráða. Allar ábendingar og gagnrýni ættu því að vera vel þegnar og sennilega hefði verið réttara að nefna sýninguna tilraun til yfirlits eða úttekt úr þróun íslenzkrar grafík-listar. Auk þess sem sýningin gefur ekki allskostar rétta mynd af framlagi margra hinna eldri, þá vantar ýmis nöfn með öllu t.d. Höskuld Björnsson o.fl.

— Yfirleitt var hér um að ræða tímabundna viðleitni einstaklinga, en oftast kafnaði vegna aðstöðuleysis iðkenda og áhugaleysis almennings ásamt því, að málverkið var hið eina sem gilti.

Það er nefnilega nær ókleyft að vinna að listgrafík og málverki samtímis nema menn hafi rúman tíma og viðunandi aðstæður og séu ekki þrúgaðir af brauðstriti. Grafíkin krefst svo mikils af iðkendum sínum, að þeir verða að gefa sig alla fram, er hana stunda að marki, ef verulegs árangurs á að mega vænta. Því kemur það mjög á óvart, hve framlag hinna eldri er eftirtektarvert og hve gæði myndanna er miklu meiri en maður átti von á og réttilega mátti búast við miðað við aðstæður. Sýnir þetta grafíska hæfileika langt umfram það sem maður átti von á meðal íslenzkra myndlistarmanna.

Hér er fjölmargt dregið fram, er maður hafði aldrei séð áður og hafði ekki neina hugmynd um, og fyrir þetta og framtakið að baki sýningarinnar er ljóst, að sýningin er umtalsvert afrek. Nú er það komið fram, að Kristinn Pétursson hefur unnið meira í grafík en vitað var, og fagna ég þeim upplýsingum og hverjum þeim upplýsingum, er til viðbótar koma til að skýra heildarmyndina um framlag einstaklinga og dagblaða í þessari heillandi listgrein. Er leitt, að ekki skyldi vera meira úrval af myndum Kristins á sýningunni. Nú ber að skrá allar upplýsingar, er fram koma, eigendur einstakra mynda og myndflokka, svo að unnt verði að halda aðra og réttari yfirlitssýningu innan fárra ára því að ljóst er, að slík sýning fellur ekki sem bezt inn í listahátíð og geldur þess hvað aðsókn og eðlilega eftirtekt áhrærir.

Rétt er einnig hjá Kristni, að staðreyndirnar séu það eina, sem lifir, en ekki augnabliks duttlungar einhverra, og að samsýningar geri kröfu til félagslegs og siðferðislegs réttlætis, og þó að ég telji mig ekki skyldan til að svara fyrir aðstandendur sýningarinnar, þá tel ég mjög til fyrirmyndar að taka saman þetta sýnishorn af myndum Jóns Engilberts og Barböru Árnason. Fyllra sýnishorn kemur svo á framlagi Barböru í sambandi við yfirlitssýningu á verkum hennar innan skamms. Harma ber, að hlutur Kristins skuli ekki vera veglegri, fyrst í ljós er komið, hve miklu meira hann hefur unnið í grafík en okkur öllum hinum yngri mun hafa verið ljóst. Hvað framlag

Sovét:

Kvikmyndir frá baráttu andófsmanna og minnihlutahópa sýndar á Vesturlöndum

BREZKA *blaðið* Observer hefur skýrt frá því, að Granadasjónvarpsstöðin sé í þann veginn að fara að sýna einhverjar áhrifamestu kvikmyndir af baráttu minnihlutahópa í Sovétríkjunum og kúgun þeirra. Filmunum var smyglað út úr Sovétríkjunum, en KGB gerði meira en þrjátíu spólur upptækar á Moskvuflugvelli. Þó virðist ljóst að tekizt hefur að koma úr landi mikilvægustu myndunum, en þær tók áhugamannahópur á 8 mm filmu með hljóði. Samtals tóku þrjátíu manns þátt í gerð myndanna og var filmunum smyglað út úr landinu í smábútum eftir að KGB tókst að hremma fyrrnefndar spólur.

Observer segir að myndin, sem verði sýnd í Granadasjónvarpsstöðinni, hefjist á því að tveir ungir Gyðingar, Anatole Scharansky og Boris Levitas, ganga í áttina að falinni myndavél í leigubíl kvikmyndatökumannanna í úthverfi Moskvu. Meðan á sýningu stendur talar Scharansky á ensku í lítinn hljóðnema og ekið er á staði þar sem oft hefur komið til mótmælaaðgerða og handtökur framkvæmdar þótt ekki hafi alltaf borizt fréttir af atburðunum. Segir þar frá meðal annars ofsóknum á hendur Gyðingum, Þjóðverjum, Úkraínumönnum og tatörum.

Öðru hverju er sýnt, þegar hátalarinn er falinn, þegar umferðarlögregla er í sjónmáli. Einu sinni var bíllinn stöðvaður, en lögreglan varð ekki vör við kvikmyndavélina í bílnum.

Mikil áherzla er lögð á að sýna starf samtaka Gyðinga *sem vilja fá leyfi til að flytjast* úr landi. Áhorfendur sjá á skerminum hinn fræga tölvufræðing, prófessor Alexander Lerner og Vladimir Slepak, þekktan andófsmann Gyðinga, halda hátíðlega páskahátíð Gyðinga á ónefndu heimili í Moskvu.

Einnig er kvikmynd frá bænahúsum Gyðinga í höfuðborginni, tekin að kvöldi Páskadags og þar flutt viðtöl við Gyðinga sem benda á að sovézka stjórnin sé mjög viðkvæm fyrir mótmælum bæði heima fyrir og erlendis og hafi gert tilslakanir aðeins vegna þeirra.

Scharansky sem hefur reynt að fá leyfi til að fara frá Sovétríkjunum undanfarin þrjú ár, lýsir mótmælaaðgerðum í Moskvu þegar nokkrir vegfarendur hrópuðu að Gyðingunum: „Sendið þá til Síberíu" en aðrir „Hefjið merkin ykkar upp, við viljum sjá þá".

Slepak sem er rafeindaverkfræðingur segir: „Ef ekki kæmi til þrýstingur úr vestri myndu allir andófsmenn í Moskvu nú sitja í fangelsi."

Hvað eftir annað ítreka andófsmennirnir að Sovétstjórnin sé í eins konar skrúfstykki — vegna þess hve mjög hún þurfi á því að halda að fá korn frá Bandaríkjunum, svo og sé þörf á að halda viðskiptunum við Vestur-Þýzkaland en þaðan kaupa Sovétmenn tæknibúnað og hafa fengið þaðan ýmsa sérfræðilega aðstoð.

Athyglisverðasti þáttur myndarinnar er að sögn lýsingin á meðferðinni á hinum svokölluðu Volgu-Þjóðverjum, sem voru fluttir nauðungarflutning*um að boði Stalíns á stríðsárun*um og settir niður í Kazakstan. Í myndinni er brugðið upp svipmyndum af dirfskufullum mótmælum þeirra og talsmaður þeirra lýsir tilraunum Sovétríkjanna til að uppræta tungu þessa minnihlutahóps og menningu.

Ein mótmælaaðgerð sem sýnd er gerist úti fyrir sendiráði Vestur-Þýzkalands í Moskvu. Þar eru líka felldar inn í nokkrar myndir sem teknar voru af ferðamanni inni í sendiráðinu og sjást þar spjöld Þjóðverjanna sem á er meðal annars letrað: „Sendið okkur heim.".

Þá segir og frá Volgu-Þjóðverjanum Ludmillu Oldenburger, þar sem hún hlekkjar sig og tvö börn sín við súlu aðeins 40 metra frá skrifstofum miðnefndar kommúnistaflokksins í Moskvu, til að mótmæla kúguninni sem haldið er uppi á þjóð hennar. Það tók lögregluna þrjátíu mínútur að saga sundur hlekkina. Hún fékk síðan tveggja ára skilorðsbundið fangelsi.

Síðan mótmælaaðgerðirnar hófust fyrir alvöru hafa rösklega 20 þúsund Sovét-Þjóðverjar fengið leyfi til að fara úr landi En margir hafa einnig verið hnepptir í fangelsi.

Einn andófsmanna orðar það svo: „Fangelsi fyrir suma og vegabréfsáritanir fyrir aðra — þetta er aðferð þeirra til að leysa upp forystuna."

Á akstri um Moskvuborg tókst kvikmyndamanninum að taka örstuttar myndir af aðalbækistöðvum KGB svo og af

Framhald á bls. 20



Sovézkur andófsmaður af þýzku bergi, að nfni Nikolayev, við rimlaglugga í geðsjúkrahúsi þar sem hann hefur verið síðan hann óskaði eftir leyfi til að fara frá Sovétríkjunum.

New York Times mun birta ævisögu Nixons

New York 15. júní Reuter.

BANDARÍSKA stórblaðið The New York Times hefur keypt birtingarréttinn á endurminningum Richards Nixons, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, en í þeim er og frásögn hans af Watergate hneykslinu og túlkun hans á því máli, sem á endanum leiddi til þess að hann varð að segja af sér forsetastarfi.

Blaðið keypti réttindin af Warner Books, útgáfufyrirtæki bókarinnar, og hefur upphæðin sem um var samið ekki verið birt. Ekki er lokið ritun bókarinnar og er búizt við að birting hefjist ekki fyrr en haustið 1977.

Meðal þess sem Nixon ritar um í bókinni eru bætt samskipti Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, frásögn af því er tengsl voru mynduð við Kína, Víetnamstyrjöldin, stefna Nixons gagnvart Miðausturlöndum og fall Allende stjórnarinnar í Chile.

William Sarnoff, formaður útgáfustjórnar Warner Books, sagðist hafa lesið frásögn Nixons af því tímaskeiði í ferli Nixons sem leiddi til afsagnar hans, og fundizt hún einkar áhrifamikil.

